

Grundartanga, 5. apríl 2002

Hr. form. Samgöngunefndar Alþingis
Guðmundur Hallvarðsson

Afrit: Iðnaðarráðuneytið b.t. Kristjáns Skarphéðinssonar

Íslenska járnblendifélagið hf. og Norðurál hf. vilja gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til hafnalaga, sem stefnt er að afgreiða nú á þessu vörpingi.

1. Í ljósi umsvifa Grundartangahafnar telst hún án vafa í flokki þeirra hafna, sem reka má sem höfn skv. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins.
2. VI. kafli frumvarpsins þ.e. 19. & 20. gr. fjallar um hafnir, sem ekki teljast til opinbers reksturs. Þar er m.a. fjallað um heimild til greiðslu arðs til eigenda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um handbært fé til viðhalds og endurnýjunar hafnarinnar.
3. Í ljósi VI. kafla, sem í reynd er mjög stuttur, virðist ljóst að hér sé verið að skapa nýjan skattstofn til handa sveitarfélögum. Þetta líta stóriðjufyrirtækin á Grundartanga mjög alvarlegum augum. Hér getur verið um að ræða möguleika á skattheimtu af hálfu sveitarfélaganna, eigenda Grt.hafnar, til viðbótar við fasteignagjöld. Við gerð fjárfestingasamninga vegna uppbyggingar á svæðinu var ekki gert ráð fyrir þessum nýja skattstofni. Samkvæmt gildandi lögum ganga innheimt vörugjöld af inn- og útflutningi um Grundartangahöfn til reksturs og uppbyggingar aðstöðu og þjónustu við höfnina og er eigendum óheimilt að greiða sér arð eða flytja fjármuni á milli hafna á svæðinu.
4. Athugasemd við 8. grein frumvarpsins má skilja sem svo, að höfnum með sjálfstjórn sé ekki heimilt að framselja rekstur sinn til annars rekstrarforms nema einhver samkeppni sé til staðar, annað hvort séu þær á samkeppnissvæði eða taki þátt í samkeppni með einum eða öðrum hætti. Okkur er ekki ljóst hvort þetta ákvæði gildi um Grundartangahöfn. Það stendur ekkert um þetta í sjálfu frumvarpinu og færi að okkar mati betur á því að taka þar skýrar til orða.
5. Það er ljóst að Grundartangahöfn hefur enga samkeppni. Stóriðjufyrirtækin á Grundartanga hafa fjárfest í búnaði, til losunar og lestunar skipa, sem staðsettur er á hafnarsvæðinu vegna starfsemi þeirra; búnaður sem ekki verður færður auk þess sem öll önnur fjárfesting á svæðinu miðar við notkun hafnarinnar. Fyrirtækin, sem hafa fjárfest fyrir yfir 40 milljarða króna á núverandi gengi geta ekki fært viðskipti sín til annarrar hafnar. Ljóst er að hagsmunir fyrirtækjanna eru miklum mun meiri en hagsmunir þeirra sem lagt hafa fé til byggingar Grundartangahafnar og er eindregið óskað eftir því að fullt tillit verði tekið til hagsmuna félaganna við setningu nýrra hafnalaga.

Undirritaðir vilja eindregið eiga fund með Samgöngunefnd Alþingis eða fulltrúum hennar við fyrsta hentugleika (áður en frumvarpið kemur til lokaafgreiðslu), til að geta betur gert grein fyrir afstöðu fyrirtækjanna til frumvarpsins. Jafnframt viljum við taka fram, að við erum í meginatriðum sammála þeim fyrirvara Friðriks Arngrímssonar fulltrúa LIÚ o.fl., sem fram kemur í fylgiskjali IV með frumvarpinu.

Afrit af þessu bréfi er sent til lónaðarráðuneytisins, en ráðuneytið ásamt Fjármálaráðuneytinu stóð að gerð fjárfestingasamninga við ÍJ og Norðurál.

Virðingarfyllt,

f.h. Íslenska járnblendifélagsins hf.

f.h. Norðuráls hf.

Helgi Þórhallsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Ragnar Guðmundsson
framkv.stj. fjármála- og stj.sviðs